

Bæjarráð - 3562, innanhústillkynning um afgreiðslu máls

Til : Rósa Steingrimsdóttir;Rannveig Einarsdóttir;Sigurjón Ólafsson
Frá : Auður Þorkelsdóttir
Heiti : Bæjarráð - 3562, innanhústillkynning um afgreiðslu máls
Málsnúmer : 2001456
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 03.12.2020 15:00:35
Höfundur : Auður Þorkelsdóttir

Á fundi bæjarráðs þ. 3. desember var eftirfarandi tekið fyrir:

2001456 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2021 og 2022-2024

Rósa Steingrimsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs sat fundinn undir þessum lið.

14.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 25.nóvember sl.

Eftirfarandi tillögur til breytinga á fjárhagsáætlun voru lagðar fram á fundi bæjarstjórnar 25. nóvember sl.

Tillögur Samfylkingarinnar sem lagðar eru fram við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar 2021 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Sveitarfélögin eru stór í efnahagslegu samhengi á Íslandi. Allt sem við gerum hefur áhrif út í samfélagið. Við þurfum að gæta vel að þeim aðgerðum sem farið er í. Niðurskurður í rekstri getur sem dæmi komið í bakið á okkur í framtíðinni og birst okkur í ófyrirséðum félagslegum og fjárhagslegum vanda síðar.

Það verður stóra verkefni okkar á næstu árum, ekki bara hjá sveitarfélögum eða okkur hér á Íslandi, heldur út um allan heim að fjárfesta í kerfisbreytingum á vinnumarkaði sem gera okkur kleift að flytja fólk úr störfum þar sem tæknin getur sinnt verkinu yfir í greinar sem þarfnast mannlegrar nándar.

Svona umbreyting kostar fjárfestingu í lausnum, nýjum ferlum og kerfum. Það er mikilvægt að nýta tímann í núverandi niðursveiflu í að viðhalda þjónustustigi samhliða því að fjárfesta í nýrri þekkingu og nýjum lausnum í mennta-, félags- og velferðarmálum. Að fjárfesta ekki síður og kannski miklu frekar í fólki en steinsteypu.

Það er skynsamlegast fyrir okkur í yfirstandandi efnahagsþrengingum að stórauka fjárframlög til nýsköpunar, mennta-, félags og velferðarmála og skapandi greina.

Fjölga þarf störfum með beinum hætti, bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum. Hvort tveggja er nauðsynlegt? Í atvinnukreppu er ekki tími til að karpa um hlutfallslegt vægi opinberrar þjónustu og einkareksturs. Nú er lag að ráðast í átak gegn undirmönnun í velferðarþjónustu og menntastofnunum en ljóst er að við núverandi aðstæður myndu niðurskurður og uppsagnir hjá sveitarfélögum dýpka og lengja kreppuna. Því er algjörlega nauðsynlegt að fjölga störfum í almannathjónustu.

14) Atvinnumál

Öflugt atvinnulíf er undirstaða hvers samfélags. Mikilvægt er að til sé skýr og markmiðsbundin stefna í atvinnumálum í hverju sveitarfélagi. Því miður er slík stefna ekki til hér í Hafnarfirði í dag. Afar mikilvægt er að úr því verði bætt hið fyrsta.

Öllum má ljóst vera að það er mikilvægt að sveitarfélagið kosti kapps um það að skapa hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulífið og fyrirtækin í bænum. Til að tryggja skilvirka aðkomu Hafnarfjarðarbæjar að almennum og sértækum verkefnum er nauðsynlegt að móta skýra stefnu í atvinnumálum. Hafnarfjarðarbær á að leitast við að skapa kjörumhverfi þar sem einstaklingar og fyrirtæki sjá tækifæri í því að stofna til atvinnurekstrar.

Bæjaryfirvöld eiga einnig að gera sér far um það að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að atvinnulíf í Hafnarfirði byggji á fjölbreytni, háu þekkingarstigi, sköpunarkrafti, öflugum útflutningi og verðmætasköpun. Við leggjum það því til að settar verði 15 milljónir í vinnu við gerð á metnaðarfullri atvinnustefnu og

*stefnumörkun á hennar grunni fyrir Hafnarfjörð á næsta fjárhagsári.
Vísu inn í bæjarráð.*

Bæjarráð vísar tillögu Samfylkingarinnar: "Atvinnumál" til umsagnar hjá fjármálasviði, fjölskyldu- og barnamálasviði og þjónustu- og þróunarsviði.

kv. Auður